

## Deiliskipulag Víðigrundar 1-55 Víðigrund 23, 25 og 29

Breyting skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Erindi frá fundi skipulagsráðs nr. 145 3. júlí 2023. ONE/23051641

### Greinargerð:

Í breytingunni fellst að lóð nr. 25 við Víðigrund og bílskúrlóðirnar tvær, vestan megin sem tilheyra lóðarhöfum nr. 23 og 29, verði stækkaðar um u.þ.b 63 cm hver til vesturs svo að bílskúrlóð sem tilheyrir lóð nr. 23 fari úr 70 m<sup>2</sup> í 81,5 m<sup>2</sup>, (lóð alls fer úr 457 m<sup>2</sup> í 468,5 m<sup>2</sup>) bílskúrlóð sem tilheyrir lóð nr. 29 fari úr 68 m<sup>2</sup> í 79,5 m<sup>2</sup> (lóð alls fer úr 458 m<sup>2</sup> í 469,5 m<sup>2</sup>) og lóð nr. 25 fari úr 453 m<sup>2</sup> í 470,4 m<sup>2</sup>. Bílskúrar verði því stærri en deiliskipulag gerir ráð fyrir, lengdir úr 6,7m í 8,7m til norðurs og breikkaðir úr 3,7m í 4,33m til vesturs. Komið verður fyrir þremur litlum gluggum á vesturhlíð bílskúrs nr. 29. Komið verður fyrir hurð og gluggum á austurhlíð bílskúrs nr. 25 þar sem bílskúrin stendur innan lóðarmarka viðkomandi húss. Hæð skúranna verður 3,25m. Stærð bílskúra í deiliskipulagi er 24,8m<sup>2</sup> og verður 37,6m<sup>2</sup> eftir breytingu. Núverandi nýtingarhlutfall (með 24,8 m<sup>2</sup> óbyggðum bílskúr) á lóð við nr. 23 og nr. 25 er 0,34 og verður 0,36 og við nr. 29 er 0,35 og verður 0,37.

### Ferill máls:


Á fundi skipulagsráðs þann 3. júlí 2023 var lögð fram tillaga Unnsteins Jónssonar byggingarfræðings dags. 29. júní 2023 f.h lóðarhafa lóðanna nr. 23, 25 og 29 við Víðigrund um breytingu á deiliskipulagi. Skipulagsráð samþykkti með tilvísun í 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir lóðarhöfum lóðanna nr. 9, 11, 27 og 31 við Víðigrund og nr. 23, 25, 27 og 29 við Reynigrund.




Deiliskipulag: Víðigrund 1-55 m.s.br., mkv. 1:1000  
Samþykkt í bæjarráði 21. september 1989 og í bæjarstjórn 26. september 1989




Tillaga að breyttu deiliskipulagi:  
Víðigrund 23, 25 og 29, mkv. 1:1000



Afstöðumynd, norður, mkv 1:250



Afstöðumynd, vestur, mkv 1:250



Grunnmynd, snið og útlit, mkv. 1:150

## BREYTT DEILISKIPULAG KYNNINGUPPDRÁTTUR

Kópavogi, dags.,

Auður D. Kristinsdóttir  
skipulagsfulltrúi

**Skýringar**  
 - - - Mörk skipulagssvæðis  
 - - - Mörk breytinga  
 - - - Lóðamörk



# KÓPAVOGSBÆR

Umhverfissvið / Skipulagsdeild  
Kópavogi, 27.07.2023.

Skipulagsráðgjöf:  
Jakob Lindal arkitekt FAI  
netfang: jakob@atark.is

Skýringarmyndir / hönnuður:  
Skv. teikningum dags. 28.06.2023  
iForma  
Unnsteinn Jónsson, byggingarfræðingur BFI  
netfang: iformapostur@gmail.com